

## 4. gr.

Brjótí leyfishafi gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, sem um hundahald gilda, skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir, sé um minniháttar brot að ræða. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekað brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Hættulegum hundum er heimilt að lóga þegar í stað. Hreppsnefnd er heimilt, hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstaka hunda eða öll veitt leyfi, telji hún brýna nauðsyn þar á að höfðu samráði við heilbrigðisnefnd.

## 5. gr.

Eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar er í höndum heilbrigðisnefndar og lögreglu. Að öðru leyti fer um framkvæmdina skv. lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

## 6. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Eyrarsveitar staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. 1. gr. laga nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. júlí 1990.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*

## REGLUGERÐ

**um bann við notkun azó-litarefna og alifatískra klórflúorkolefnis-sambanda (freon) og skyldra efna sem drifefna í lyf.**

## 1. gr.

Notkun azó-litarefna í lyfjum er óheimil hér á landi. Azó-litarefni hafa CI-númer 11.000-39.999 (CI = Colour Index).

## 2. gr.

Frá og með 1. janúar 1991 skal innflutnings- og sölubann reglugerðar nr. 64/1989 um bann við innflutningi og sölu úðabrusa, sem innihalda tiltekin drifefni (ósoneyðandi efni), einnig ná til lyfja og dýralyfja samkvæmt ákvæðum lyfjalaga nr. 108/1984 með síðari breytingum.

## 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í lyfjalögum nr. 108/1984 með síðari breytingum og lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 622/1980 um notkun litarefna í lyfjum og 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 64/1989 um bann við innflutningi og sölu úðabrusa, sem innihalda tiltekin drifefni (ósoneyðandi efni).

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Prátt fyrir ákvæði 2. gr. er heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu þó heimilt, að fenginni umsögn lyfjanefndar, að leyfa innflutning og sölu lyfja og dýralyfja, sem innihalda

drifefni (ósoneyðandi efni) þau, sem tiltekin eru í reglugerð nr. 64/1989 um bann við innflutningi og sölu úðabrusa, sem innihalda tiltekin drifefni (ósoneyðandi efni).

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. júlí 1990.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingolf J. Petersen.*

## GJALDSKRÁ

### Rafveitu Eyrarbakka.

Rafveita Eyrarbakka selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

#### A 1. Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald . . . . .	7,19 kr/kWh
Fastagjald F1 . . . . .	3 586,00 kr/ár

#### A 2. Vinnuljósanotkun.

Öll skammtímanotkun og notkun til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

Orkugjald . . . . .	12,19 kr/kWh
Fastagjald F1 . . . . .	3 586,00 kr/ár

#### A 3. Utanhússlýsing.

Til úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afli.

Aflgjald . . . . .	13 091,00 kr/kW/ár
Viðhaldsgjald . . . . .	19 485,00 kr/kW/ár

#### A 4. Sumarbústaðanotkun.

Öll notkun í sumarbústöðum.

Orkugjald . . . . .	4,43 kr/kWh
Fastagjald . . . . .	11 475,00 kr/ár

Heimilt er að velja lið A 1. ef hagkvæmara þykir.

#### B 1. Aflmæling.

Öll meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun lágmarksaflgjald 15 kW.

Aflgjald . . . . .	10 616,00 kr/kW/ár
Orkugjald . . . . .	2,59 kr/kWh

#### D 1. Rofin daghitun.

Rafhitun með roftíma allt að 2×1,5 klst. á dag.

Orkugjald . . . . .	2,09 kr/kWh
Fastagjald F3 . . . . .	7 062,00 kr/ár